

91. stjórnarfundur Bergrisans bs.

3.2.2026

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson, Ása Valdís Árnadóttir og Halldór Benjamín Hreinsson (varamaður Söndru Sigurðardóttur).
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 196. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Nýr formaður þjónusturáðs (mál nr. 2)

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs, leggur til að Sigbrúður Birta Jónsdóttir taki við formennsku í sinn stað. Breytingin samræmist starfsreglum ráðsins og tekur þegar gildi.

1.b. Umsókn um NPA – 100376 (mál nr. 4a)

Umsækjandi með auðkennið 100376 sækir um NPA samning. Viðkomandi er með notendasamning upp á 288 klukkustundir á mánuði. Sótt er um fjölgun tíma um 96 eða samtals 384 klukkustundir á mánuði. Að auki er gert ráð fyrir 8 klukkustundum á mánuði í aðstoðarverkstjórn.

Fagteymi leggur til við þjónusturáð að samþykkja umsókn um breytingu þjónustuforms, þ.e. umsókn um NPA samning, enda sé fjöldi klukkustunda metins stuðnings umfram leyfilegan hámarksfjölda klukkustunda í notendasamningum sbr. reglur Bergrisans um þjónustuformið.

Árlegur kostnaður er áætlaður 43,9 mkr og er rekstur samningsins sjálfbær þegar horft er til samspils kostnaðar og framlaga. Þjónusturáð samþykkir tillöguna og vísar til stjórnar.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.c. Umsókn um NPA – 105235 (mál nr. 4b)

Umsækjandi með auðkennið 105235 sækir um NPA samning. Viðkomandi er með notendasamning upp á 180 klukkustundir á mánuði. Sótt er um fjölgun tíma um 2 klukkustundir á dag eða 244 klukkustundir á mánuði auk 20 klukkustunda í aðstoðarverkstjórn, samtals 264 tímar. Um er að ræða þjónustu á biðtíma eftir sértæku húsnæðisúrræði.

Þjónusturáð leggur til að notandi nýti áfram notendasamning sem þjónustuform á meðan verið er að innleiða þjónustuna við hann en innleiðingarferlið gengur vel og þjónustuformið hentar viðkomandi.

Kostnaður vegna 244 klukkustunda í notendasamning eru 21.271.920 kr. á ári. og ætluð framlög eru 24.346.000.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs.

1.c. Leiðrétting á NPA samningi – 102589 (mál nr. 10)

Erindi var lagt fyrir á 88. stjórnarfundum Bergrisans sem miðaði við að útfæra NPA þjónustu svo að öryggi einstaklings væri tryggt. Gert var ráð fyrir sérstakri útfærslu á bakvakt þegar einstaklingur er í vinnu á VISS til að tryggja þær aðstæður sem skapast þegar hann getur ekki mætt til vinnu.

Sá tímafjöldi sem lagður var til svo að ofangreind þjónusta yrði veitt var röng. Þannig var gert ráð fyrir 713 klukkustundum í heildina en raunþörf eru 760 klukkustundir eigi að mæta þjónustubörf viðkomandi.

Heildarkostnaður var áætlaður 62.290.096 kr. en eru 67.131.780 kr. miðað við 760 klukkustundir en þar af eru 64 klukkustundir í formi bakvaktar. Mismunur eru 4.841.684 kr. sem kemur þá til hækkunar.

Þjónusturáð leggur til að samþykkja beiðnina.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Erindi frá Sólheimum um aukið framlag vegna 2025

Sólheimar hafa sent inn beiðni um aukið fjárframlag vegna 2025 sem og samtali um framlag 2026. Óskað er eftir kr. 48.562.491 vegna Sólheima sem og kr. 4.141.146 vegna Fögrubrekku, samtals kr. 52.703.637. Frá því dregst framlag vegna aukinnar stuðningsparfar (hækkun á SIS-mati) að fjárhæð kr. 46.444.000. Eftir situr því beiðni að fjárhæð kr. 6.259.637.

Stjórn telur ekki rétt að verða við frekari beiðni um aukin framlög umfram það sem þegar hefur verið samþykkt og greitt vegna 2025. Varðandi 2026 leggur stjórn til að Bergrisinn og Sólheimar vinni áfram að því í sameiningu að rýna rekstur Sólheima til að fá betri mynd á stöðuna og til að tryggja að rekstur verði innan fjárframlaga á árinu.

3. Innsent erindi

Lagt er fram erindi þar sem óskað er eftir svörum við ýmsum spurningum tengt Bergrisanum. Stjórn felur starfsmönnum Bergrisans að svara erindinu í samræmi við minnisblað frá lögmanni um málið.

4. Viljayfirlýsing um samstarf vegna íbúða á Hvolsvelli

Lagt var fram til kynningar viljayfirlýsing um samstarf Bergrisans, Brákar íbúðafélags og Rangárbings eystra vegna byggingar og reksturs íbúðakjarna við Dalsbakka/Öldubakka á Hvolsvelli. Húsið verður í heild með sex íbúðum, ásamt þjónusturými fyrir starfsmenn.

Brák verður eigandi og rekstraraðili íbúðakjarnans og Bergrisinn fær fullan forgang að íbúðunum og úthlutar þeim til þeirra sem uppfylla skilyrði.

5. Önnur mál

Upplýst að Nauthagi 2 færðist að fullu yfir til Brákar íbúðafélags hses. um áramótin.

Lagt var fram trúnaðarskjal frá Sólheimum sem var kynnt stjórn.

Verkefnastjóri ræðir rekstur og verklag NPA samninga. Verkefnastjóri leggur til að gerð verði úttekt á þjónustuforminu svo það nýtist sem best.

Fundi slitið klukkan 13:57.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 09.02.2026
Tími: 14:43:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c12abf99-0499-461e-9c7c-55a080a8de92

Elliði Vignisson



Undirritað af:
Elliði Vignisson
2804695649
Dags: 12.02.2026
Tími: 15:44:06
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c12abf99-0499-461e-9c7c-55a080a8de92

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 09.02.2026
Tími: 15:49:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c12abf99-0499-461e-9c7c-55a080a8de92

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:
Eggert Valur
Guðmundsson
1508633179
Dags: 09.02.2026
Tími: 13:31:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c12abf99-0499-461e-9c7c-55a080a8de92

Halldór B Hreinsson



Undirritað af:
Halldór B Hreinsson
0603675079
Dags: 09.02.2026
Tími: 13:53:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: c12abf99-0499-461e-9c7c-55a080a8de92